

**86. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
18. júní 2018 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ása Katrín Bjarnadóttir varamaður, Einar Brandsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1804232 - Deilisk. Skógahverfi 1. áfangi - Seljuskógar 1, 3 og 5

Breytingin felur í sér að heimilt verður að byggja 175m² hús í stað 155m². Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Seljuskóga 6, 7, 8, 12 og 14 og við Asparskóga 4, 6 og 8. Grenndakynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynningin fór fram frá 8. maí til og með 8. júní 2018. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2. 1804231 - Deilisk. Sementsreit - strompur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, sem felur í sér heimild að fjarlægja (sements)strompinn.

Skipulags og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 1703203 - Deilisk. - Stofnanareitur - Vesturgata breyting v/ fimleikahúss

Lagðar fram aðaltekningar að nýju fimleikahúsi á stofnanareit við Vesturgötu 120 og 130.

Lagðar fram aðaltekningar að nýju fimleikahúsi á stofnanareit á lóð við Vesturgötu 120 og 130. Í kjallara verður lagnagangur/tæknirými sem ekki var gert ráð fyrir í frumáætlunum og deiliskipulagi. Til samræmis er nýtingarhlutfall lóðar breytt úr 0,50 í 0,52. Stækkunin skerðir ekki hagsmuni nággranna hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og telst því óverulegt frávik frá gildandi deiliskipulagi, sem samþykkt var 12.9.2017, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með vísan í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga samþykkir umhverfis- og skipulagsráð að leggja til við bæjarstjórn að byggingarleyfi verði afgreitt í samræmi við þá grein.

4. 1710116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2018.

Lögð fram til kynningar.

RBS
SJA

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:40.

Reynur B Samundson
Asa Katrin Bjarnadóttir
Einar Bráddsson
Jindri Birgisson
Sig. P. A.
Stefán Þ. Stefánsson